

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000, snjóflóðavarnir í Traðarhyrnu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. september 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000 frá 20. desember 1982.

Um er að ræða breytingar á 22,5 ha svæði í hlíðinni undir Traðarhyrnu sem nú er skilgreint sem íbúðarsvæði, óbyggð svæði, opið svæði til sérstakra nota og svæði fyrir þjónustustofnanir. Í byggð afmarkast svæðið af Þjóðólfsvegi, Traðarlandi og Stigahlíð.

Breytingarnar eru:

1. Opið svæði til sérstakra nota (U-4) stækkar til austurs þar sem reistir verða snjóflóðavarnargarðar. Snjóflóðavarnirnar felast í 700 metra löngum þvergarði ofan við Stigahlíð og Traðarland og átta keilum ofan við garðinn. Vegslóðar verða ofan garðsins og ofan keilanna og tengjast þeir núverandi slóða vestan við fyrirhugaðan garð. Gert er ráð fyrir göngustígum, áningarstað, útsýnispalli og niðurgröfnum dæluskúr.
2. Íbúðarsvæði og óbyggð svæði minnka og svæði fyrir þjónustustofnanir fellur út.
3. Fyrirhuguð gata norður af gatnamótum Holtabrunar og Stigahlíðar fellur út sem og gata norðan Traðarlands og Dísarlands auk miðlunargeymis ofan íbúðarbyggðarinnar og göngustígs norðan Traðarlands.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 25. september 2007.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.